



Álagningar- og innheimtureglur fasteigna- og þjónustugjalda 2017.

- a) Fasteignaskattur samkv. a- lið laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 m.s.br 0,40 % af fasteignamati.
 - b) Fasteignaskattur samkv. b-lið sömu laga, 1,32 % af fasteignamati.
 - c) Fasteignaskattur samkv. c- lið sömu laga, 1,65 % af fasteignamati.
 - d) Rotþróargjald á rotþró kr. 6.000,-.
 - e) Sorphirðugjald á heimili kr. 7.000,-
- Heilbrigðiseftirlitsgjöld af fyrirtækjum samkv. gjaldskrá HAUST, eru innheimt jafnhliða fasteignagjöldum.

Settar hafa verið reglur og nýtt heimild samkv. 4. gr laga 140/2005 til greiðslu styrkja á móti álögðum fasteignasköttum á menningarstofnanir í sveitarfélaginu.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 20.000,- skulu vera 3 með 1 mánaðar millibili.

Fasteignaskattur af samþykktu íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, er felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, samkvæmt eftirfarandi reglum: Afslátturinn er tekjutengdur og allt að kr. 65.000,- .

Rétt til niðurfellingar eiga íbúðareigendur í Fljótsdalshreppi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c) Hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- d) Tekjumörk:einstaklingar allt að kr.3.250.000,- fullur afsláttur . Séu tekjur þar yfir er ekki veittur afsláttur.
- e) Tekjumörk hjóna og samskattaðs sambylisfólks: allt að kr. 4.350.000,- fullur afsláttur, séu tekjur þar yfir er ekki veittur afsláttur.
- f) Afsláttur er veittur að teknu tilliti til allra skattskyldna tekna , þ.m.t. eigna-og fjármagnstekna.

Hjón og samskattað sambylisfólk fær niðurfelldan fasteignaskatt af eigin íbúðarhúsnæði sem þau eiga lögheimili í, þó svo einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði aldurs- og/eða örorkumarka.

Sveitarstjórn endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar elli-og örorkulífeyrisþega árlega.

Samþykktar reglur og tilhögun innheimtu, á fundi sveitarstjórnar 01.11 2016